

**Sp. 131. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]**

um fljótverkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Tómas Árnason, Eðvarð Sigurðsson, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti nú þegar semja frumvarp til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fljótverkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. M. a. geti dómari ákveðið, að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við minni háttar mál, sem varða allt að 100 þús. kr. Við þessar lagabreytingar verði meðferð líkra minni háttar mála í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna.

**Greinargerð.**

Alloft er því hreyft, að meðferð mála hjá dómstólum landsins gangi seint, og þær raddir heyrast, að ekki borgi sig að fara með mál fyrir dómstólana, meðferð þeirra sé svo hæg og kostnaðarsöm. Til þess að bæta úr þessu er óskað eftir sérdómstólum til þess að fara með ákveðna málaflokka. Nægir hér að nefna dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, sem hefur verið stofnaður, og umferðardómstól, sem sífellt er verið að krefjast. Það mun mála sannast, að þeir, sem hest þekkja til, séu yfirleitt andvígir sérdómstólum. Benda þeir t. d. á, að þeir sérdómstólar, sem fyrir eru í landinu, eru starfræktir að miklu leyti af sömu mönnum og almennu dómstólarnir. Stafi þetta af því, að takmarkaður fjöldi manna hafi þjálfun í raunverulegum dómsstörfum og umdeilanlegt hljóti að teljast, hversu mörgum mönnum þjóðfélagið geti séð af til þessara starfa.

Í neyslubjóðfélagi eins og því íslenska fer ekki hjá því, að upp komi fleiri eða færri deilumál m. a. milli neytenda og þeirra, sem selja þeim vörur og þjónustu. Mörg þessara mála varða hvert um sig ef til vill ekki mikilli upphæð, og verður það óhjákvæmilega til þess, að neytendum þykir ekki borga sig að eyða tíma og fé fyrir dómstólunum. Á þennan hátt fer forgörðum heilbriggt aðhald, sem verslunarstéttunum er nauðsynlegt.

Þá má benda á, að til þess að skapa þetta aðhald, án þess að það leiði til mikils kostnaðarauka fyrir ríkið, er lagt til, að þeirri þjónustu verði komið á fót, sem til lagan gerir ráð fyrir. Þessa meðferð mála mætti einnig nýta í öðrum skyldum smámálum og létta þannig vinnuálagi á dómstólunum, en það hlýtur þá einnig að leiða til hraðari meðferðar umfangsmeiri mála.

Það mun mála sannast, að mál þau, sem fyrir dómstóla eru lögð í dag, eru mjög mismunandi. Sum þeirra eru tæpast þess eðlis, að full þörf sé á eins vandvirknislegri meðferð og nú tíðkast. Rétt er, að dómari ákveði, hvort þessa meðferð megi við hafa, þar sem hann er í bestri aðstöðu til þess að meta hvort hún eigi við. Rétt er að meðferð málsins fari eftir eðli þess, en venjulega ætti ekki að þurfa að krefjast eins ríkra sannana og í venjulegu máli og aðilar ættu að mega leggja málið fyrir á þann hátt sem þeir kjósa. Stefna ætti að því, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu að mestu. Sérfræðileg atriði er að jafnaði rétt að leysa með aðstoð meðdómenda. Úrskurður samkvæmt þessari meðferð ætti að hafa sömu áhrif og dómur í venjulegu dómsmáli.

Rétt er að útbúa sérstök eyðublöð fyrir þessi mál, sem þá verða afhent hjá dómstólunum. Aðilar sjálfir eða lögmennt þeirra útfylla þessi eyðublöð og láta stefnuvotta birta með venjulegum hætti til þingfestingar á þeim degi, sem dómari tiltekur. Á þingfestingardegi skulu aðilar gefa munnlega skýrslu og leiða vitni. Ekki skal

taka framburði þessa niður á blað. Að yfirheyrslum loknum kveður dómari strax upp dóm sinn án rökstuðnings með því aðeins að útfylla þar til gerða eyðu í stefnunni og undirrita.

Slík meðferð smámála og hér er talað um á uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þar hefur hún verið reynd um árabíl. Hefur þessi meðferð mála sums staðar þar reynst mjög vel. Virðist það undir því komið, að dómáranum takist að víkja frá almennri meðferð einkamála.

Sjá nánar um þetta fyrirkomulag t. d.: "Justice out of Reach; A case for small claim courts" (London, Her Majesty's Stationary Office).

Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu var slíkri meðferð smámála komið á fót í Bretlandi að bandarískri fyrirmynd. Hófst sú starfsemi 1. október 1974.

Þá hafa svíar komið líkri meðferð mála á hjá sér eða eru langt komnir með undirbúning þess. Sjá hér nánar t. d. grein eftir Hovrättsrádet Nils Mangård: „Reglerandet av mindre förmögenhetsrättsliga tvister“, en grein þessi var flutt sem erindi á 26. Norræna lögfræðingamótinu í Helsinki 1972.